**Samningur um Evrópska efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 47/98**
**frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/97 frá 9. desember 1997([1]).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins (EB) nr. 2232/96) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54r. **397 R 0194**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB nr. L 31, 1. 12. 1997, bls. 48).".

2. gr.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 36.

([2]) Stjtíð. EB nr. L 31, 1. 2. 1997, bls. 48.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik E. Gerner